



Vatnajökulsþjóðgarður

Umhverfisstefna



1.12.2019

Útgáfa 2.0

Umhverfisstefna

Sjálfbær þróun og vernd náttúrunnar er höfð að leiðarljósi í allri starfsemi, samvinnu og ákvarðanatöku stofnunarinnar.

Stefna Vatnajökulspjóðgarðs er að vera til fyrirmyndar í umhverfismálum.

Stofnunin mun leitast við að hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag með ákvörðunartöku sinni og þjónustu. Markmiðið er að halda neikvæðum umhverfisáhrifum af starfsemi stofnunarinnar í lágmarki.

Til að ná sem bestum árangri eru umhverfisþættir þjóðgarðsins vaktaðir og markvisst unnið að umbótum.

Vatnajökulspjóðgarður mun tryggja að lagalegum kröfum sem tengjast starfsemi hans sé fylgt og vinnur að stöðugum umbótum á umhverfisstarfi stofnunarinnar. (Umhverfisstjórnun og aðgerðaáætlun VJP 2020-2024)

Vatnajökulspjóðgarður mun vinna samkvæmt gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi sem uppfyllir kröfur ISO 9001 og ISO 14 001.

Markmið Umhverfisstefnu

- Vatnajökulspjóðgarður fylgir [Grænum skrefum í ríkisrekstri](#).
- Að draga úr kolefnisspori þjóðgarðsins og verða kolefnishlutlaus. Lágmarka neikvæð umhverfisáhrif vegna samgangna og draga úr notkun á hráefnum, **orku** og vatni sömuleiðis. [Samgöngustefna](#)
- **Innkaup** stofnunarinnar verði byggð á stefnu ríkisins um vistvæn innkaup. Umhverfismerktar vörur og þjónusta verða valin umfram aðrar. Umhverfissjónarmið eru höfð að leiðarljósi við fjárfestingar, útboð og kaup á þjónustu - [innkaupastefna](#).
- Stöðugt er unnið að því að draga úr myndun **úrgangs** og stuðlað að endurnýtingu og endurvinnslu hans. Jafnframt er öðrum úrgangi fargað á viðeigandi hátt.
- Að vera til fyrirmyndar í **frárennismálum** og tryggja að grunnvatn og yfirborðsvatn mengist ekki af völdum umferðar, mannvirkjagerðar eða starfsemi þjóðgarðsins.
- **Fræðsla til starfsfólks** um umhverfismál og innra umhverfisstarf verði augin. Starfsfólk verði hvatt til þess að tileinka sér vistvænan lífsstíl.
- Að **upplýsa gesti** um umhverfisstarf þjóðgarðsins og hvetja til þátttöku í því. Upplýsingar með umhverfisáherslum þjóðgarðsins hanga uppi á helstu starfsstöðvum garðsins.
- Að stuðla að sjálfbærri ferðaþjónustu innan þjóðgarðsins og í jaðarbyggðum hans.
- Að setja skýr umhverfisviðmið við leyfisveitingar vegna atvinnustarfsemi og í samstarfi við þjónustuaðila og rekstraraðila í þjóðgarðinum.
- Árlega verður birt endurskoðað grænt bókhald stofnunarinnar hér á vefnum og í ársskýrslu.

Aðgerðaáætlun Umhverfisstefnu

Áherslur í umhverfisstefnu Vatnajökulsþjóðgarðs

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Yfirfara umhverfismál stofnunarinnar tvisvar á ári með stjórnendum Vatnajökulsþjóðgarðs	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Mars og Nóvember
Uppfæra skjal um umhverfisstjórnun og aðgerðaáætlun 2020-2024	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Febrúar 2020
Innleiða gæða- og umhverfisstjórnunarkerfi	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Nóvember 2021
Yfirfara lög og reglur um starfsemi þjóðgarðsins og kynna þau helstu fyrir starfsfólki.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Mars
Gera yfirlit yfir tengsl umhverfis- og öryggisþætti í starfsemi þjóðgarðsins við lög, reglugerðir og aðrar kröfur	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Sérfræðingur á skrifstofu	Mars 2020

Markmið

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Að innleiða græn skref 2, 3, 4 og 5 í ríkistrekstri.	Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir Grænumaurarnir	Vor 2021
Árlega miðla upplýsingum um grænt bókhald til starfsmanna.	Fjármálastjóri Bókari Þjóðgarðsverðir	Febrúar/ Mars
Yfirfara og endurskoða verkferla m.t.t. Umhverfis- og gæðahandbókar þjóðgarðsins	Fjármálastjóri	Apríl 2021

Endurskoðun stefnunnar

Aðgerð	Ábyrgð	Verklok
Umhverfisstefnan er endurskoðuð á þriggja ára fresti eða oftár ef þörf krefur.	Framkvæmdastjóri Fjármálastjóri Þjóðgarðsverðir	Mars 2021